

## Stjórnarfundur í félagi lóðarhafa Kiðjabergi

Fundur stjórnar 7. febrúar 2022 kl. 20:00 haldinn í Kópavogi.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Gunnsteinn Sigurðsson og Kristín Eysteinsdóttir.

1. Fjármál rædd. Kristín fór yfir stöðuna og drög að ársreikningi. Fjárhagsstaðan er góð. Félaginu hefur ekki borist reikningar fyrir lagfæringar á vegum og stígum og því verða útgjöld árið 2021 lægri en til stóð en útgjöld ársins 2022 verður hærri sem því nemur.
2. Rætt um fyrirhugað leiksvæði í grennd við vélaskemmuna. Það mun lenda á FLK að standa að mestu undir kostnaði við kaup á aðföngum en líklega mun GKB (golfklúbburinn) sjá um vinnu við að gera svæðið klárt og viðhald svæðisins. Stjórnarmenn eru sammála um að taka þátt í þessu verkefni og telja koma til greina að greiða á bilinu 2 til 3 m.kr. Snjólfur og Bergur munu fylgja málinu áfram, en jafnframt verður leitað eftir áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í útfærslu.
3. Unnið er að því að stofna samtök frístundahúsa í GOGG sem hefðu það að markmiði að gæta hagsmuna frístundahúsaeygenda gagnvart sveitarfélaginu. Snjólfur hefur verið í fimm manna undirbúninghópi sem mun boða til stofnfundar í febrúar eða mars. Stjórnin samþykkir að greiða fyrir leigu á sal fyrir stofnfundinn.
4. Unnið var að lagfæringum á vegum í lok október og fram í miðjan nóvember. Ekki tókst að ljúka framkvæmdum að fullu fyrir veturinn og verður lokið við verkið í vor. Kostnaður við verkið var um 3,5 milljónir.
5. Rætt var um þann möguleika að halda aðalfund félagsins 5. mars. Stefnt er að því að halda Góugleði í framhaldi af aðalfundi. Snjólfur tók að sér að vinna málið áfram í samráði við Rakel.
6. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30

Gunnsteinn Sigurðsson ritari